

Nd.

580. Nefndarálit

[3. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega og flugvallargerða.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 8. júlí 1965.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og fengið upplýst, að af heimildarupphæð frv. hafi verið notaður nokkur hluti, og hefur því fé verið varið til vegagerða á Vestfjörðum 7.2 millj. kr. og til flugvallargerðar við Patreksfjörð 5793 þús. kr., eða alls 12 993 þús. kr. Ætlunin mun þó að nota heimild þessa til fulls.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en þrír nefndarmanna, EÁ, JK og LJós, skrifa þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Einar Ágústsson, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen.	Jónas G. Rafnar.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.
	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	